

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 66/95  
frá 22. nóvember 1995**

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun ráðsins 95/237/EB frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við i-lið 3. liðar (ákvörðun ráðsins 94/824/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

- „j) 395 D 0237: Ákvörðun ráðsins 95/237/EB frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 38).“.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 38.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 95/237/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Berg

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker